

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um skifting Stærra-Árskógssóknar í Eyjafjarðarprófastsdæmi í tvær sóknir. 1
11. jan.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeradsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tilögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 22. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess, að núverandi Stærri-Árskógssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi skiftist í 2 sóknir, Stærra-Árskógssókn og Hriseyarsókn frá áramótum síðustu að telja, enda verði reist ný kirkja í Hrisey og verði fullgjörð þegar í vor.

S A M Þ Y K T

um

samgirðingu fyrir jarðirnar Vagla og Káradalstungu í Áshreppi.

2
27. jan.

Hreppsnefndin í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu hefir samkvæmt girðingarlögum nr. 66, 22. nóv. 1913, gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu fyrir jarðirnar Vagla og Káradalstungu.

1. gr.

Girða skal frá Dalagili fram Rjóðurháls, vestur yfir Illalæk hjá Klifinu, þaðan vestur um Brokshæðir að Hólkotskvísl.

Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavirsgirðing, og að öllu leyti eins og krafist er með fullkomnar girðingar.

2. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, vöxtum og afborgunum — af láni því er til girðingarinnar verður tekið —, skal jafnað niður þannig:

$\frac{1}{4}$ hluti árlegs gjalds greiðist af ábúendum nefndra jarða í rjettum hlutföllum eftir fasteignarmatsverði þeirra, $\frac{3}{4}$ hlutar af árlegu gjaldi greiðist af ábúendum fyrnefndra jarða og heimilis-